

**Ed.** **135. Frumvarp til laga** [71. mál]  
um framlenging á gildi laga nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960, skal gilda til marzloka 1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra.

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 mun eigi verða lokið fyrir 1. marz n. k., er með frumvarpi þessu lagt til, að framlengd verði til marzloka heimild sú, er felst í lögum nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.